

TAKTUR

MIÐSTÖÐ PARKINSONSAMTAKANNA

SÉRHÆFD ENDURHÆFING

TAKTUR - MIÐSTÖÐ PARKINSONSAMTAKANNA opnar í byrjun janúar 2022 í fullbúnu húsnæði á 1. og 3. hæð í Lífsgæðasetri St. Jó. Starfsemin miðar að því að veita **heildræna, faglega og sérhæfða þjónustu** við fólk með parkinson.

Með ómetanlegum stuðningi frá **Oddfellowreglunni** og **Hafnarfjarðarbæ** er búið að tryggja húsnæði fyrir starfsemina í Lífsgæðasetri St. Jó til næstu **15 ára**.

Boðið verður upp á sérhæfða sjúkráþjálfun, mats- og stuðningsviðtöl hjá hjúkrunarfræðingi, endurhæfingaráætlun, iðjuþjálfun, raddþjálfun, sálfræðiþjónustu, félagsráðgjöf, fræðslu og námskeið.

Til að koma til móts við þau sem búa utan höfuðborgarsvæðisins verður lögð áhersla á góða **fjarþjónustu** sem nýtist öllum, óháð búsetu.

Starfsemin beinist einnig út á við, **samstarf og samvinna** með sérfræðingum í meðferð sjúkdómsins á heilbrigðisstofnunum eru samtökunum mikilvæg, sem og fræðsla og ráðgjöf til starfsmanna og stofnanna sem sinna meðferð fólks með Parkinson.



MARKHÓPUR

Markhópurinn er fólk með parkinson og parkinsonskylda sjúkdóma og aðstandendur þeirra.

Þjónustan er miðuð að fólki sem býr heima og þarf sérhæfða þjálfun, ráðgjöf, fræðslu og stuðning til að viðhalda líkamlegri færni sem gerir þeim kleift að vera sem áfram í **sjálfstæðri búsetu**.

ÞJÓNUSTA

- Sérhæfð sjúkráþjálfun
- Mats- og stuðningsviðtöl
- Endurhæfingaráætlun
- Iðjuþjálfun
- Raddþjálfun
- Sálfræðiþjónusta
- Fræðsla
- Námskeið


MARKMIÐ

- Hægja á framgangi sjúkdómsins
- Auka líkamlega, andlega og félagslega færni
- Stuðla að sjálfstæði og aukinni virkni
- Minnka álag á taugadeild LSH og á Reykjalandi
- Minnka álag á aðstandendur og draga úr greiðslu umönnunarbóta
- **Draga úr þörf fyrir dagdvalar- og hjúkrunarrými**
- Auka lífsgæði parkinsonsjúklinga og aðstandenda þeirra um allt land

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Samkvæmt tölum frá Landlæknisembættinu eru um **1.100** manns greindir með Parkinson á Íslandi en gert er ráð fyrir að fjöldi einstaklinga með parkinsonveiki í Evrópu muni **aukast mikið til ársins 2030** og má reikna með að þeir verði þá um **1.600** hér á landi.

Samkvæmt áætlunum Takts er rekstarkostnaður umtalsvert lægri en daggjöld fyrir dagdvalar- og hjúkrunarrými. Sem leiðir til þeirrar niðurstöðu að með rekstrarstyrk frá ríkinu ásamt sjálfsofluðu fé er hægt að tryggja rekstrargrundvöll og hagkvæma nýtingu fjármuna í heilsutengdum forvörnum fyrir fólk með parkinson. Parkinsonsamtökin hafa sótt um rekstrarstyrk til heilbrigðisráðuneytisins og biða eftir svári.



Kostnaður fyrir hvern notenda á dag.
Áætlun Takts miðar við 50 notendur á dag.

ÁVINNINGUR

Ávinningur af starfsemi Takts er margþættur. Árangur þeirrar þjónustu sem er veitt er óumdeildur og nær út fyrir persónulegan hag þjónustuþega, því að til mikils er að vinna fyrir samfélagið allt að sinna vel endur- og síhæfingu þeirra sem eiga á hættu að heltast úr lestinni ella. **Þjónusta sem þessi hefur þann kost ekki síst að vera úrræði sem getur skilað miklu fyrir minna fé og dregur úr þörf fyrir dýrari þjónustu á heilbrigðisstofnunum.**